

SKÝRSLA
RÍKISENDURSKOÐUNAR
UM FRAMKVÆMD FJÁRLAGA
TIL SEPTEMBERLOKA 1992

NÓVEMBER 1992

E F N I S Y F I R L I T

Inngangur	2
Helstu niðurstöður.....	3
Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs janúar til september 1992	6
Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins 1992 í samanburði við sama tímabil árið 1991	10
Innheimtar tekjur ríkissjóðs til loka septembermánaðar 1992	11
Innheimtar tekjur ríkissjóðs til loka septembermánaðar 1992 í samanburði við sama tímabil 1991	12
Gjöld í samanburði við greiðsluáætlanir fjárlaga janúar til september 1992	13
Gjöld fyrstu níu mánuði ársins 1992 í samanburði við sama tímabil árið 1991	14
Launakostnaður A-hluta ríkissjóðs 1992.....	17
Afkomuhorfur A-hluta ríkissjóðs í árslok 1992	18
Mat á árangri sparnaðaraðgerða í ríkisfjármálum árið 1992	19
Afkoma sjúkrastofnana á árinu 1991.....	24

Fylgiskjöl:

- 1.1. Gjöld sjúkrastofnana á föstum fjárlögum árin 1990 og 1991 á föstu verðlagi.
- 1.2. Gjöld sjúkrastofnana á daggjöldum árin 1990 og 1991 á föstu verðlagi.
- 1.3. Afkoma og greiðslustaða sjúkrastofnana á föstum fjárlögum árið 1991.
- 1.4. Afkoma og greiðslustaða sjúkrastofnana á daggjöldum árið 1991.
2. Greinargerð vegna umfjöllunar í fjölmiðlum um uppgjörsaðferðir og afkomu ríkissjóðs.

INNGANGUR

Samkvæmt 1. grein laga nr. 12/1986 skal Ríkisendurskoðun hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Skýrsla sú sem hér er lögð fram fjallar um framkvæmd fjárlaga frá ársbyrjun til septemberloka 1992.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir afkomu ríkissjóðs til loka septembermánaðar 1992 og hún borin saman við afkomu sama tímabils ársins 1991. Þá er reynt að meta árangur af sparnaðaraðgerðum í ríkisfjármálum sem að var stefnt í fjárlögum ársins 1992. Einnig er gerð grein fyrir þróun launakostnaðar hjá A-hluta ríkissjóðs til loka septembermánaðar 1992 og hann borinn saman við þróun hans á sama tímabili 1991. Loks er fjallað um afkomu sjúkrastofnana á árinu 1991 og hún borin saman við afkomu þeirra frá árinu 1990.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Helstu niðurstöður athugunar á afkomu A-hluta ríkissjóðs á tímabilinu janúar til september 1992, árangri fyrirhugaðra sparnaðaraðgerða í ríkisfjármálum á tímabilinu og afkomu sjúkrastofnana á árinu 1991.

Afkoma ríkissjóðs til loka septembermánaðar 1992.

- ◆ Lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs, þegar afborganir af lánum sem ríkissjóður hefur veitt, yfirtekin lán og skuldbindingar skv. nýjum búvörusamningi hafa verið dregnar frá, nam 18,8 milljörðum króna í samanburði við 19,9 milljarða króna á sama tímabili 1991. Á föstu verðlagi er lánsfjárförfin um 2,0 milljörðum króna lægri en hún var á sama tímabili í fyrra.
- ◆ Hrein lánsfjárförf þegar afborganir af langtímalánum ríkissjóðs eru dregnar frá nemur 11,7 milljörðum króna til loka septembermánaðar í ár samanborið við 14,2 milljarða króna á sama tímabili 1991. Á föstu verðlagi lækkar hrein lánsfjárförf um 3,0 milljarða króna.
- ◆ Lánsfjárförf sína hefur ríkissjóður fjármagnað nokkurn veginn að jöfnu á innlendum lánsfjármarkaði og erlendum. Ekki hefur komið til umtalsverðs yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands eins og oft áður.
- ◆ Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs skv. greiðsluyfirliti ríkisbókhalds er talinn 9,8 milljarðar króna til loka septembermánaðar þessa árs í samanburði við tæpa 11,5 milljarða króna á sama tímabili í fyrra.
- ◆ Rekstrarhallinn á föstu verðlagi hefur lækkað um 2,0 milljarða króna til loka septembermánaðar 1992 frá því sem hann var á sama tímabili í fyrra. Sé miðað við fast verðlag hafa tekjur aukist um 140 milljónir króna eða 0,2%. Gjöld hafa hins vegar lækkað að raungildi um 1,8 milljarða króna eða 2,2% sem fyrst og fremst má rekja til vaxtagjalda og minni eignakaupa.
- ◆ Útgjöld A-hluta ríkissjóðs til loka septembermánaðar ársins 1992 námu 82,3 milljörðum króna og eru 1,1 milljarði króna minni en

greiðsluáætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Greiðslur umfram áætlanir námu 2,8 milljörðum króna. Á móti voru óhafin framlög 3,9 milljarðar króna. Á sama tímabili ársins 1991 fóru útgjöld stofnana 1,1 milljarð króna fram úr áætlun. Heildartekjur til loka septembermánaðar ársins 1992 námu 72,4 milljörðum króna sem er 1,1 milljarði króna minni en áætlanir gerðu ráð fyrir.

- ◆ Í ár hefur ríkissjóður yfirtekið lán hjá Framkvæmdasjóði Íslands að fjárhæð 1,7 milljarðar króna skv. heimild í lánsfjárlögum fyrir árið 1992 og gengið frá lántöku vegna uppkaupa á fullvirðisrétti í sauðfjárrækt að fjárhæð 942 milljónir króna skv. búvörusamningi ríkisins og bænda frá 11. maí 1991. Fyrir lántökum þessum hefur hvorki verið gerð grein fyrir í fjárukalögum fyrir árið 1991 eða fjárlögum fyrir árið 1992. Á árinu 1991 námu lántökur af þessum toga 1,3 milljörðum króna.

Mat á árangri sparnaðaraðgerða í ríkisfjármálum á árinu 1992.

- ◆ Þróun starfsmannafjölda og launakostnaðar hjá A-hluta ríkissjóðs til loka septembermánaðar þessa árs í samanburði við sama tímabil ársins 1991 gefur til kynna að reiknuðum ársverkum hafi fækkað um 200 stöðugildi. Það svarar til um 270 milljóna króna raunlækkunar launaútgjalda. Til samanburðar fjölgaði ársverkum um 582 á sama tímabili ársins 1991 miðað við sama tímabil 1990, þar af um 500 vegna verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga.
- ◆ Ríkisendurskoðun hefur reynt að leggja mat á þann sparnað sem stefnt var að í fjárlögum ársins 1992 og náðst hefur til loka septembermánaðar þessa árs. Ekki liggja fyrir nægjanlega haldgóðar upplýsingar um hvernig sparnaðurinn átti að nást innan ársins. Áform fjárlaga gera ráð fyrir að heildarsparnaður m.v. umfang ríkisútgjalda á árinu 1991 nemi um 5,5 milljörðum króna. Að mati stofnunarinnar höfðu um 2,0 milljarða króna áformaðs sparnaðar náðst í lok septembermánaðar 1992.

Afkomuhorfur A-hluta ríkissjóðs í árslok.

- ◆ Í ágúst sl. lagði Ríkisendurskoðun mat á afkomuhorfur A-hluta ríkissjóðs í árslok 1992. Þar kom fram að rekstrarhalli að meðtöldum fjárskuldbindingum vegna Framleiðnisjóðs Íslands og lántöku ríkissjóðs vegna búvörusamnings frá árinu 1991

samtals að fjárhæð 2,6 milljarðar króna stefndi í 11,6 til 12,1 milljarð króna. Stofnunin telur ekki ástæðu til að breyta þessu mati sínu á afkomu ríkissjóðs í árslok.

Afkoma sjúkrastofnana á árinu 1991

Í skýrslu þessari er ennfremur gerð grein fyrir afkomu sjúkrastofnana í landinu á árinu 1991, sem framlag fá úr ríkissjóði en þar kemur m.a. fram.

- ◆ Sjúkrastofnanir voru reknar með 143 milljóna króna halla á árinu 1991 eða sem nemur 0,7% af tekjum. Á árinu 1990 var rekstrarhallinn 353 milljónir króna eða 2,0% af tekjum. Afkoma sjúkrastofnana hefur því batnað milli áráanna 1990 og 1991 og reyndar hefur hún verið að batna allt frá árinu 1987.
- ◆ Þróun útgjalda sjúkrastofnana sýnir að á föstu verðlagi hafa útgjöld hækkað að raungildi um 776 milljónir króna eða um 4,1% milli áráanna 1990 og 1991. Gjöld daggjaldastofnana hafa hækkað að raunvirði um 5,2% en gjöld þeirra stofnana sem fá fast framlag á fjárlögum hækkað um 3,8% milli áráanna 1990 og 1991.
- ◆ Greiðslustaða sjúkrastofnana er svo til óbreytt á árinu 1991 í samanburði við árið á undan. Skammtímaskuldir umfram skammtímakröfur námu 533 milljónum króna á árinu 1991 og jukust um 12 milljónir króna frá árslokum 1990.

GREIÐSLUAFKOMA A-HLUTA RÍKISSJÓÐS JANÚAR TIL SEPTEMBER 1992

Lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs að frádregnum afborgunum af lánum sem ríkissjóður hefur veitt og yfirteknum lánum og skuldbindingum skv. nýjum búvörusamningi nam 18,8 milljörðum króna í samanburði við 19,9 milljarða króna á sama tímabili í fyrra. Á föstu verðlagi er lánsfjárförf um 2,0 milljörðum króna lægri en á sama tímabili ársins 1991. Hrein lánsfjárförf þegar afborganir tekinna lána ríkissjóðs hafa verið dregnar frá nam 11,7 milljörðum króna í ár samanborið við 14,2 milljarða króna í lok september 1991. Á föstu verðlagi lækkar hrein lánsfjárförf um 3,0 milljarða króna.

Lántökur ríkissjóðs námu alls 21,4 milljörðum króna. Innlend lántaka nam 14,9 milljörðum króna, þar af voru lántökur í formi yfirtöku lána og skuldbindinga skv. nýjum búvörusamningi 2,6 milljarðar króna („aðrar lántökur" í töflu hér á eftir). Erlendar lántökur námu 5,2 milljörðum króna og yfirdráttur á viðskiptareikningi í Seðlabanka Íslands 1,3 milljörðum króna. Á árinu 1991 nam lánsfjárförf 21,2 milljörðum króna sem mætt var með 9,8 milljarða króna innlendri lántöku (þar af námu „aðrar lántökur" 1,3 milljörðum króna), 430 milljóna króna erlendri lántöku og 10,9 milljarða króna yfirdrætti á viðskiptareikningi hjá Seðlabanka Íslands.

Lánsfjárförf sína hefur ríkissjóður fjármagnað nokkurn veginn að jöfnu á innlendum og erlendum lánsfjármarkaði í stað þess að yfirdraga viðskiptareikning sinn hjá Seðlabanka Íslands. Þannig hefur því markmiði að fjármagna lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs utan Seðlabanka Íslands það sem af er árinu 1992 verið náð.

Fjárhæðir í m.kr.	Reikn. 1992	Fjárheimild 1992	Reikn. 1991
-------------------	----------------	---------------------	----------------

Lánsfjárförf (brúttó)	24.296	24.362	23.393
- Afborganir veittra lána	<2.854>	<3.120>	<2.229>
Lánsfjárförf (nettó)	21.442	21.242	21.164
Aðrar lántökur	<2.642>	<2.642>	<1.296>
Lánsfjárförf	18.800	18.600	19.868
Afborgun tekinnna lána	<7.062>	<7.180>	<5.695>
Hrein lánsfjárförf	<u>11.738</u>	<u>11.420</u>	<u>14.173</u>
Lántökur			
Innlendar	12.303	13.120	8.546
Erlendar	5.164	5.800	432
Seðlab. Ísl. viðskiptar.	1.333	<320>	10.890
Samtals	18.800	18.600	19.868
Beinar lántökur	<u>2.642</u>	<u>2.642</u>	<u>1.296</u>
Alls	<u>21.442</u>	<u>21.242</u>	<u>21.164</u>

Heildarlánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs á ofangreindu tímabili nam 24,3 milljörðum króna. Er þá meðtalin yfirtaka láns hjá Framkvæmdasjóði Íslands frá 9. maí 1992 með heimild í 13. gr. lánsfjárlaga 1992 að fjárhæð 1,7 milljarðar króna og lántaka vegna uppkaupa á fullvirðisrétti í sauðfjárrækt að fjárhæð 942 milljónir króna samkvæmt búvörusamningi ríkisins og samtaka bænda frá 11. mars 1991. Í þeim samningi var kveðið á um að ríkissjóður gæfi út skuldabréf í ársbyrjun 1992 fyrir 3/4 hlutum uppkaupanna. Fyrir lántökum þessum hefur hvorki verið gerð grein í fjárukalögum á árinu 1991 né fjárlögum fyrir árið 1992, þ.e.a.s. sem lántökum ríkissjóðs og framlagi á gjaldahlið.

Til að mæta rekstrarhalla A-hluta ríkissjóðs til loka septembermánaðar þessa árs var ráðstafað 9,8 milljörðum króna skv. yfirliti frá ríkisbókhaldi sem er sama fjárhæð og áætlun innan ársins gerði ráð fyrir og 1,6 milljörðum króna lægri en á sama tímabili ársins 1991. Afborganir lána, veitt lán, útgreiðslur af viðskiptareikningi og hlutafjár- og stofnframlög námu 11,8 milljörðum króna. Á árinu 1991 námu útgreiðslur vegna framangreindra viðfangsefna 10,2 milljörðum króna. Frávik skýrast alfarið af hærri afborgunum skulda ríkissjóðs og veittum lánnum til aðila utan A-hluta ríkissjóðs.

Ríkissjóður mætti fjárförf sinni með því að taka lán til langs tíma að fjárhæð 8,0 milljarðar króna. Sala spariskírteina ríkissjóðs nam 2,8 milljörðum króna og erlendar lántökur námu 5,2 milljörðum króna. Þá nam sala ríkisbréfa og ríkisvixla umfram innlausn 9,5 milljörðum króna. Lántökur urðu tæplega 1,5 milljörðum króna lægri en áætlað var. Þá námu beinar lántökur og yfirtaka lána 2,6 milljörðum króna eins og að framan greinir.

Afborganir veittra lána ríkissjóðs nam tæpum 2,9 milljörðum króna til loka septembermánaðar sl.

Á sama tímabili ársins 1991 námu lántökur til lengri tíma 5,3 milljörðum króna. Sala spariskírteina nam 3,3 milljörðum króna sem er tæplega 500 milljónum króna hærrí fjárhæð en í ár. Aðrar innlendar lántökur námu 1,6 milljörðum króna og erlendar lántökur rúmlega 400 milljónum króna. Þá nam sala ríkisbréfa og ríkisvixla í fyrra nettó 3,7 milljörðum króna sem er 5,8 milljörðum króna minna en á sama tímabili í ár. Þá námu aðrar lántökur 1,3 milljörðum króna á nefndu tímabili 1991 í samanburði við 2,6 milljarða króna í ár.

Fjárstreymi A-hluta ríkissjóðs

Tímabilið janúar - september 1992.

Fjárh. í m.kr.	Reikn. 1992	Fjárheimild 1992	Frávik	Reikn. 1991	Frávik 91/92
Uppruni					
Lántökur:					
Spariskírteini	2.821	2.100	721	3.276	(455)
Önnur innl. fjáröflun	26		26	1.594	(1.568)
Erlendar lántökur	<u>5.164*</u>	<u>5.800</u>	<u>(636)</u>	<u>432</u>	<u>4.732</u>
	8.011	7.900	111	5.302	2.709
Ríkisbréf og víxlar, nettó	<u>9.456</u>	<u>11.020</u>	<u>(1.564)</u>	<u>3.676</u>	<u>5.780</u>
	17.467	18.920	(1.453)	8.978	8.489
Aðrar lántökur	<u>2.642</u>	<u>2.642</u>	<u>0</u>	<u>1.296</u>	<u>1.346</u>
Lántökur alls	20.109	21.562	(1.453)	10.274	9.835
Afborganir veittra lána	<u>2.854</u>	<u>3.120</u>	<u>(266)</u>	<u>2.229</u>	<u>625</u>
Uppruni alls	<u>22.963</u>	<u>24.682</u>	<u>(1.719)</u>	<u>12.503</u>	<u>10.460</u>
Ráðstöfun					
Til rekstrar skv. yfirliti	9.829	9.840	(11)	11.471	(1.642)
Afborgun lána	7.062	7.180	(118)	5.695	1.367
Veitt lán	4.295	4.270	25	3.838	457
Hlutfé og stofnfé, nettó	105	260	(155)	188	(83)
Viðskiptareikningur, nettó	<u>363</u>	<u>170</u>	<u>193</u>	<u>488</u>	<u>(125)</u>
	21.654	21.720	(66)	21.680	(26)
Beinar lántökur til gjaldf.	<u>2.642</u>	<u>2.642</u>	<u>0</u>	<u>1.713</u>	<u>929</u>
Ráðstöfun alls	<u>24.296</u>	<u>24.362</u>	<u>(66)</u>	<u>23.393</u>	<u>903</u>
Breytingar á handbæru fé	<u>(1.333)</u>	<u>320</u>	<u>(1.653)</u>	<u><10.890></u>	<u>(9.557)</u>

* Erlend lántaka að fjárhæð 5.602 milljónir króna vegna uppgjors á yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands í lok ársins 1991 er ekki innifalinn.

REKSTRARAFKOMA A-HLUTA RÍKISSJÓÐS FYRSTU NÍU MÁNUÐI ÁRSINS 1992 Í SAMANBURÐI VIÐ SAMA TÍMABIL ÁRIÐ 1991

Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs samkvæmt greiðsluyfirliti Ríkisbókhalds nam 9,8 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 1992 í samanburði við tæpa 11,5 milljarða króna á sama tímabili ársins 1991.

Tekjur námu 72,4 milljörðum króna fyrstu níu mánuði ársins 1992 og eru þær um 3,0 milljörðum króna hærrí en á sama tímabili í fyrra eða sem svarar til 4,3%. Gjöld námu 82,3 milljörðum króna og eru 1,3 milljörðum krónum hærrí en á fyrstu níu mánuðum ársins 1991 eða sem nemur 1,7%. Rekstrarhallinn nam þannig 9,8 milljörðum króna fyrstu níu mánuði ársins 1992 og er 1,6 milljörðum króna lægri en hann var á sama tímabili ársins 1991.

Í milljónum króna	Útkoma 1991	Framreikn. 1991	Útkoma 1992	Frávik m.kr.	%	Raunfrávik m.kr.	%
Tekjur	69.447	72.295	72.435	2.988	4,3	140	0,2
Gjöld	<u>80.918</u>	<u>84.105</u>	<u>82.263</u>	<u>1.345</u>	<u>1,7</u>	<u>-1.844</u>	<u>-2,2</u>
Gjöld umfr. tekjur	<u>11.471</u>	<u>11.810</u>	<u>9.828</u>	<u>-1.643</u>	<u>-14,3</u>	<u>-1.984</u>	<u>16,2</u>

Sé miðað við fast verðlag hafa tekjur A-hluta ríkissjóðs hækkað um 140 milljónir króna eða 0,2% að raunvirði á fyrstu níu mánuðum ársins 1992 miðað við sama tímabil 1991. Gjöld A-hluta ríkissjóðs hafa hins vegar lækkað um rúma 1,8 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins 1992 miðað við sama tímabil 1991 eða sem nemur 2,2% að raunvirði. Þannig hefur rekstrarhallinn á föstu verðlagi lækkað um tæpa 2,0 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum þessa árs frá því sem hann var á sama tímabili í fyrra.

Þegar lækkun útgjalda A-hluta ríkissjóðs milli áranna 1991 og 1992 er metin er þess að gæta að vaxtagjöld hafa verið lækkuð um 167,5 milljónir króna sem nemur áætluðum afföllum seldra spariskírteina. Eru þau færð á viðskiptareiknings. Til þessa hafa afföll verið færð til gjalda strax við sölu. Ef sömu reikningsskilaaðferðum hefði verið beitt í ár í þessu sambandi og gert var á síðasta ári hefðu vaxtagjöldin í ár orðið hærrí sem framangreindri fjárhæð nemur.

INNHEIMTAR TEKJUR RÍKISSJÓÐS TIL LOKA SEPTEMBERMÁNAÐAR 1992

Innheimtar tekjur ríkissjóðs til loka septembermánaðar 1992 námu 72,4 milljörðum króna sem er 1,1 milljarði króna lægri fjárhæð en áætlanir fyrir sama tímabili ársins 1991 gerðu ráð fyrir.

september Fjárhæðir í m.kr.	Reikn.	janúar -	
		Áætlun	Frávik
Beinir skattar	13.372	13.830	(458)
Gjöld af innflutningi	7.354	7.625	(271)
Virðisaukaskattur	27.631	28.350	(719)
Aðrir óbeinir skattar	19.038	18.695	343
Vaxtatekjur	3.075	2.762	313
Arðgreiðslur	1.364	1.637	(273)
Aðrar tekjur	<u>600</u>	<u>639</u>	<u>(39)</u>
Alls	<u>72.434</u>	<u>73.538</u>	<u>(1.104)</u>

Innheimta beinna skatta var tæplega 460 milljónum króna lægri en áætlanir ársins gerðu ráð fyrir sem skýrist annars vegar af minni innheimtu tekjuskatts að fjárhæð tæplega 1,0 milljarður króna en hins vegar hefur innheimta eignarskatta orðið rúmlega hálfum milljarði króna hærri en gert var ráð fyrir. Tekjur af innflutningi urðu 270 milljónum króna lægri en áformað var. Skýringar er einkum að leita í lægri tekjum af almennum innflutningi. Þá hafa tekjur af virðisaukaskatti orðið rúmlega 700 milljónum króna lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Aðrir óbeinir skattar eru tæplega 350 milljónum króna hærri frá ársbyrjun til loka septembermánaðar 1992 en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þá hækkan má fyrst og fremst rekja til betri innheimtu á tryggingagjaldi og eftirstöðvum launaskatts en reiknað var með. Vaxta- og lánatekjur hækkuðu um rúmlega 300 milljónir króna umfram áætlanir ársins sem skýrist fyrst og fremst af því að viðurlög vegna lausafjárstöðu innlánastofnana á fyrra ári komu til greiðslu á þessu ári. Arðgreiðslur eru tæplega 300 milljónum króna undir áætlun. Frávik þetta má fyrst og fremst rekja til þess að greiðslur frá Pósti og Síma eru um 300 milljónum króna lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

INNHEIMTAR TEKJUR RÍKISSJÓÐS TIL LOKA SEPTEMBERMÁNAÐAR 1992 Í SAMANBURÐI VIÐ SAMA TÍMABIL 1991

Á árinu 1992 til loka septembermánaðar námu tekjur ríkissjóðs 72,4 milljörðum króna eða 3,0 milljörðum króna hærrí fjárhæð en á sama tímabili í fyrra.

Reikn.'91 Fjárhæðir í m.kr.	Janúar - september			
	1992	1991	verðl.'92	Frávik
Beinir skattar	13.372	12.448	12.977	395
Gjöld af innflutningi	7.354	8.054	8.065	(711)
Virðisaukaskattur	27.631	27.035	28.361	(730)
Aðrir óbeinir skattar	19.038	17.695	18.478	560
Vaxtatekjur	3.075	2.661	2.782	293
Arðgreiðslur	1.364	1.052	1.104	260
Ýmsar tekjur	<u>600</u>	<u>502</u>	<u>527</u>	<u>73</u>
Alls	<u>72.434</u>	<u>69.447</u>	<u>72.294</u>	<u>140</u>

Á föstu verðlagi hafa tekjur ríkissjóðs hækkað að raungildi um 140 milljónir króna. Helstu frávikin eru að tekjuskattur félaga hefur hækkað um tæplega 290 milljónir króna. Skattar af launagreiðslum hafa hækkað um 360 milljónir króna og vaxtatekjur og arðgreiðslur um 550 milljónir króna. Aftur á móti hafa tekjur af aðflutningsgjöldum og virðisaukaskatti lækkað að raungildi um samtals 1,4 milljarða króna.

GJÖLD Í SAMANBURÐI VIÐ GREIÐSLUÁÆTLANIR FJÁRLAGA JANÚAR TIL SEPTEMBER 1992

Útgjöld stofnana í A-hluta fjárlaga á fyrstu níu mánuðum ársins 1992 námu 82,3 milljörðum króna og eru 1,1 milljarði króna lægri en áætlanir fyrir sama tímabil gerðu ráð fyrir eða sem svarar til 1,3%.

Útgjöld A-hluta ríkissjóðs í samanburði við áætlun fyrstu níu mánuði ársins 1992.

Ráðuneyti í milljónum króna	Greitt 1992	Heimild 1992	Mism.	Mism. %	Umfr. greitt	Óhafin framl.
Æðsta stjórn ríkisins	740	797	-57	-7,15	62	
Forsætisráðuneyti	234	265	-31	-11,7	0	31
Menntamálaráðuneyti	12.315	12.630	-315	-2,5	486	801
Utanríkisráðuneyti	1.074	1.076	-3	-0,3	65	68
Landbúnaðarráðuneyti	4.322	4.267	54	1,3	187	133
Sjávarútvegsráðuneyti	749	824	-74	-9,0	0	74
Dóms- og kirkjum.rn.	3.600	3.846	-247	-6,480	327	
Félagsmálaráðuneyti	3.486	3.711	-225	-6,1	16	241
Heilbr.- og trygg.m.rn.	33.857	32.628	1.230	3,8	1.643	413
Fjármálaráðuneyti	10.217	11.410	-1.194	-10,5	174	1.368
Samgönguráðuneyti	6.143	6.606	-462	-7,0	36	498
Iðnaðarráðuneyti	676	782	-106	-13,6	22	128
Viðskiptaráðuneyti	4.345	3.991	354	8,9	366	12
Hagstofa Íslands	91	107	-16	-15,1	0	16
Umhverfissráðuneyti	414	438	-24	-5,4	14	38
	<u>82.262</u>	<u>83.378</u>	<u>-1.115</u>	<u>-1,3</u>	<u>2.818</u>	<u>3.934</u>

Umframgreiðslur námu 2,8 milljörðum króna en það eru greiðslur til A-hluta stofnana umfram áætlanir. Frávikið liggur einkum í rekstri tryggingakerfisins og í niðurgreiðslum á vöruverði landbúnaðarafurða. Á móti umframgreiðslum voru óhafin framlög að fjárhæð 3,9 milljarðar króna en það eru þau framlög sem ekki hafa enn verið nýtt á árinu. Óhafin framlög koma m.a. fram í vaxtagjöldum ríkissjóðs, viðhalds- og stofnkostnaðarverkefnum Vegagerðar ríkisins, framlögum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og til greiðslu tjónabóta og ríkisábyrgða.

Á fyrstu níu mánuðum ársins 1991 fóru útgjöld A-hluta stofnana 1.054 milljónir króna fram úr áætlunum fyrir sama tímabil eða sem nemur 1,3%.

GJÖLD FYRSTU NÍU MÁNUÐI ÁRSINS 1992 Í SAMANBURÐI VIÐ SAMA TÍMABIL ÁRIÐ 1991

Gjöld A-hluta ríkissjóðs námu 82,3 milljörðum króna fyrstu níu mánuði ársins 1992 og eru 1,3 milljörðum króna hærrí en þau voru á sama tímabili ársins 1991. Hækkun þessi nemur 1,7%. Sé miðað við fast verðlag lækka útgjöldin um rúma 1,8 milljarða króna eða sem nemur 2,2% að raunvirði.

Í milljónum króna	Útkoma 1991	Framreikn. 1991	Útkoma 1992	Frávik m.kr.	Frávik %	Raunfrávik m.kr.	Raunfrávik %
Rekstur	36.381	37.844	37.035	654	1,8	-809	-2,1
Tilfærslur	16.583	17.397	18.469	1.886	11,4	1.072	6,2
Almannatryggingar	18.797	19.474	19.235	438	2,3	-239	-1,2
Vaxtagjöld	7.691	7.858	6.921	-770	-10,0	-937	-11,9
Eignakaup	<u>1.466</u>	<u>1.533</u>	<u>602</u>	<u>-864</u>	<u>-58,9</u>	<u>-931</u>	<u>-60,7</u>
Samtals gjöld	<u>80.918</u>	<u>84.105</u>	<u>82.262</u>	<u>1.344</u>	<u>1,7</u>	<u>-1.844</u>	<u>-2,2</u>

Lækkun gjaldaliða að teknu tilliti til almennra verðhækkana nam 1.850 milljónum króna og má einkum rekja hana til eftirfarandi útgjaldaflokka:

- ◆ Laun og rekstrarútgjöld stofnana í A-hluta fjárlaga lækkuðu um rúmar 800 milljónir króna. Stöðugildum hefur fækkað á fyrstu níu mánuðum ársins 1992 um 200 frá sama tímabili ársins 1991.
- ◆ Tilfærslur hækkuðu um tæpan 1,1 milljarð króna. Greiðslur vegna búvöruframleiðslu, þ.e. beingreiðslur til bænda og uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, hækkuðu um 1,0 milljarð króna vegna ákvæða nýs búvörusamnings sem gildi tók á árinu 1991. Niðurgreiðslur á vöruverði hækkuðu um rúmar 200 milljónir króna. Framlög til Atvinnuleysis-tryggingasjóðs hækkuðu um 270 milljónir króna og til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 190 milljónir króna. Greiðslur vegna ríkisábyrgðar á launum vegna gjaldþrota hafa hins vegar lækkað um tæpar 220 milljónir króna, framlög til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi um tæpar 110 milljónir króna og til Bygðastofnunar um 60 milljónir króna.

- ◆ Eignakaup lækkuðu um 930 milljónir króna. Lækkunin má einkum rekja til þess að fasteignakaup ríkissjóðs í ár eru um 890 milljónum króna minni en á sama tímabili í fyrra en þá keypti ríkissjóður m.a. fasteignir Sláturfélags Suðurlands við Laugarnes og hús Íslandsbanka við Lækjartorg á 630 milljónir króna. Önnur eignakaup ríkisins hækka um 40 milljónir króna.
- ◆ Vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs lækkuðu um 940 milljónir króna. Lækkunin skýrist af um 640 milljóna króna lægri vaxtagreiðslum af viðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands og 460 milljóna króna lægri vaxtagreiðslum af spariskírteinum. Á móti hækkuðu vaxtagreiðslur innlendra óverðtryggðra lána um 300 milljónir króna.
- ◆ Greiðslur almannatrygginga hækkuðu um 200 milljónir króna sem einkum má rekja til aukinna útgjalda lífeyris- og sjúkratrygginga.

Útgjöld ráðuneyta hafa breyst með eftirfarandi hætti á fyrstu níu mánuðum ársins 1992 í samanburði við sama tímabil 1991. Við samanburðinn er rétt að hafa í huga að almenn hækkun verðlags milli árána er um 4,0%.

Gjöld A-hluta ríkissjóðs janúar til september árin 1991 og 1992.

Ráðuneyti Í milljónum króna	Greitt 1992	Greitt 1991	Mismunur '92-'91	Mismunur %
00 Æðsta stjórn ríkisins	741	786	-46	-5,9
01 Forsætisráðuneyti 234	305	-72	-23,4	
02 Menntamálaráðuneyti	12.315	11.880	435	3,7
03 Utanríkisráðuneyti 1.074	1.227	-153	-12,5	
04 Landbúnaðarráðuneyti	4.322	3.326	995	29,9
05 Sjávarútvegsráðuneyti	749	741	8	1,1
06 Dóms- og kirkjum.ráðuneyti	3.600	3.528	72	2,0
07 Félagsmálaráðuneyti	3.486	3.422	64	1,9
08 Heilbr.- og trygg.m.ráðun. 33.857	32.704	1.154	3,5	
09 Fjármálaráðuneyti 10.217	11.856	-1.639	-13,8	
10 Samgönguráðuneyti	6.143	5.871	272	4,6
11 Iðnaðarráðuneyti	676	853	-177	-20,8
12 Viðskiptaráðuneyti 4.345	3.981	363	9,1	
13 Hagstofa Íslands	91	86	5	5,4
14 Umhverfissráðuneyti	414	351	63	17,9
	<u>82.262</u>	<u>80.918</u>	<u>1.345</u>	<u>1,7</u>

LAUNAKOSTNAÐUR A-HLUTA RÍKISSJÓÐS 1992

Á grundvelli forsendna, sem Ríkisendurskoðun telur að gefi réttasta mynd af starfsmannafjölda ríkisins, voru ársverk alls hjá þeim A-hluta stofnunum sem Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins sér um afgreiðslu fyrir að meðaltali 18.299 fyrstu níu mánuði ársins 1992 en þau voru 18.267 að meðaltali fyrstu níu mánuði ársins 1991. Fjölgunin nemur 32 ársverkum eða um 0,2 %. Við útreikning ársverka voru launaeiningar tiltekinna launategunda umreiknaðar í ársverk.

Fjárlög ársins 1992 gerðu ráð fyrir um 100 ársverka fjölgun í A-hluta ríkissjóðs á árinu. Sú fjölgun átti einkum rætur að rekja til málefna fatlaðra og aðskilnaðar dóms- og umboðsvalds í héraði.

Á síðari hluta ársins 1991 var lokið við að flytja launavinnslu Háskóla Íslands til Starfsmannaskrifstofunnar. Samtals var hér um að ræða um 240 ársverk ef miðað er við sama tímabil ársins 1991. Þegar tekið er tillit til þessa, fækkar ársverkum hjá A-hluta ríkissjóðs í raun á fyrstu níu mánuðum þessa árs um 208 eða 1,1 %.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu ársverka eftir uppruna fyrstu níu mánuði árána 1991 og 1992.

Ársverk	1992	1991	Breyt. ársv.	Breyt í %
Dagvinnulaun	15.248	15.111	137	0,9
Yfirvinna	<u>3.051</u>	<u>3.156</u>	(105)	(3,3)
Samtals	18.299	18.267	32	0,2
Breyt. v. Háskóla Ísl.	<u>(240)</u>			
Alls	<u>18.059</u>	<u>18.267</u>	<u>(208)</u>	<u>(1,1)</u>

Launagjöld stofnana í A-hluta fjárlaga námu um 19,1 milljörðum króna fyrstu níu mánuði ársins en námu um 18,5 milljörðum króna á sama tímabili í fyrra. Hækkunin nemur um 600 milljónum króna eða um 3,1%. Hækkunin svarar til þeirrar meðalhækkunar sem varð á launum ríkisstarfsmanna á milli árána, samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands.

Þegar tekið er tillit til aukinnar launavinnslu Starfsmannaskrifstofunnar fyrir Háskólann lækkuðu launagjöld A-hluta ríkissjóðs um 270 milljónir króna að raunvirði eða um 1,4%.

AFKOMUHORFUR A-HLUTA RÍKISSJÓÐS Í ÁRSLOK 1992

Fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til fjáráukalaga fyrir árið 1992. Þar er farið fram á viðbótafjárheimildir á gjaldahlið að fjárhæð tæpir 3,0 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir að ónotuð fjárheimild á árinu nemi tæpum 500 milljónum króna. Þannig er áætlað að útgjöld A-hluta ríkissjóðs hækki frá fjárlögum 1992 um tæpa 2,6 milljarða króna. Í frumvarpi til fjáráukalaga fyrir árið 1992 er ennfremur gert ráð fyrir að tekjur A-hluta ríkissjóðs lækki um 2,4 milljarða króna. Áætlaður rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs á árinu 1992 er um 9,1 milljarður króna eða 5,0 milljörðum króna meiri en fjárlög þessa árs gerðu ráð fyrir.

Að teknu tilliti til lántöku ríkissjóðs á árinu 1992 sem gengið hefur verið frá með formlegum hætti verður rekstrarhallinn á bilinu 11,6 til 12,1 milljarður króna að mati Ríkisendurskoðunar.

Í skýrslu stofnunarinnar um framkvæmd fjárlaga fyrstu sex mánuði ársins 1992 voru afkomuhorfur A-hluta ríkissjóðs í árslok 1992 metnar á þá lund að rekstrarhallinn yrði á bilinu 9,0 til 9,5 milljarðar króna. Í þessu mati láðist að taka með nánar tiltekna lántökur á sama hátt og stofnunin hafði áður gert. Hins vegar var í skýrslunni gerð grein fyrir þessum lántökum og í niðurstöðum skýrslunnar um framkvæmd fjárlaga fyrstu sex mánuði ársins 1992 sagði m.a.

„Í ár hefur ríkissjóður yfirtekið lán hjá Framkvæmdasjóði Íslands að fjárhæð 1,7 milljarðar króna skv. heimild í lánsfjárlögum fyrir árið 1992 og gengið frá lántöku vegna uppkaupa á fullvirðisrétti í sauðfjárrækt að fjárhæð 942 milljónir króna skv. búvörusamningi ríkisins og bænda frá 11. maí 1991. Fyrir lántökum þessum hefur hvorki verið gerð grein fyrir í fjáráukalögum fyrir árið 1991 eða fjárlögum fyrir árið 1992. Á árinu 1991 námu lántökur af þessum toga 1,3 milljörðum króna.“

Eins og að framan er getið láðist hins vegar að geta með sama hætti og áður hvaða áhrif lántökur þessar hefðu á rekstrarhalla ríkissjóðs og er beðist velvirðingar á því. Um ástæður þess að stofnunin hefur tekið umræddar lántökur í skýrslum sínum um framkvæmd fjárlaga og afkomu ríkissjóðs á hverju uppgjörstímabili, óháð því hvort það kunni að hafa fylgt greiðsluhreyfingum eða ekki, vísast til greinargerðar sem tekin var saman um uppgjörsaðferðir og afkomu ríkissjóðs í september sl. Greinargerðin fylgir skýrslu þessari sem fylgiskjal.

MAT Á ÁRANGRI SPARNAÐARÆÐGERÐA Í RÍKISFJÁRMÁLUM ÁRIÐ 1992

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1992 var að því stefnt að lækka útgjöld A-hluta ríkissjóðs um 5,5 milljarðar króna. Það svarar til 5,0% raunlækkunar útgjalda miðað við rekstrarumfang ríkissjóðs á árinu 1991.

Miðað við rekstrarumfang A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 má áætla að lækkun útgjalda skiptist í grófum dráttum þannig á árinu 1992 eftir tegundum útgjalda:

	m.kr.
◆ Laun- og rekstrargjöld	3.000
◆ Tilfærslur	2.500
◆ Fjárfesting	<u>500</u>
Samtals til lækkunar	<u>6.000</u>
◆ Viðhaldskostnaður	<u>500</u>
Samtals til hækkunar	<u>500</u>
Nettóbreyting útgjalda	<u>5.500</u>

Lauslegt mat Ríkisendurskoðunar á þeim sparnaði sem náðst hefur á fyrstu níu mánuðum ársins 1992 bendir til að útgjöld A-hluta ríkissjóðs til loka septembermánaðar ársins 1992 hafa dregist saman að raunvirði um 1,9 milljarða króna miðað við sama tímabil ársins 1991. Samdrátturinn skiptist þannig.

	m.kr.
◆ Rekstrargjöld og tilfærslur	1.200
◆ Vaxtagjöld	950
◆ Eignakaup	<u>900</u>
Samtals lækkun	3.050
◆ Tilfærslur	<u>1.150</u>
Samtals breyting	<u>1.900</u>

Lækkun útgjaldaliða nemur samtals um 3,1 milljarði króna en á móti koma tilfærsluliðir til hækkunar að fjárhæð 1,2 milljarðar króna.

Lækkun útgjalda hefur þróast á nokkuð annan hátt en gert var ráð fyrir. Af þriggja milljarða króna áætluðum sparnaði rekstrarútgjalda og tilfærsluverkefna hafa 1,2 milljarðar króna náð fram að ganga á fyrstu níu mánuðum ársins. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að vaxtagjöld hækkðu á milli ára sem nemur verðlagsbreytingum en samkvæmt greiðsluyfirliti fyrstu níu mánaða ársins hafa þau lækkað að raunvirði um 900 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að greiðsla vaxta af lánum ríkissjóðs muni hækka nokkuð á síðari hluta ársins. Eignakaup eru um 400 milljónum króna lægri en ráð var fyrir gert. Hækkun tilfærslna um tæpa 1,2 milljarða króna skýrist einkum af ákvæðum í nýjum búvörusamningi bænda við ríkisvaldið um beinar greiðslur til bænda en þær námu tæpum 1.250 milljónum króna fyrstu níu mánuði ársins.

Rekstrarútgjöld stofnana í A-hluta ríkissjóðs og rekstrartilfærslur hafa lækkað um 1,2 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra og skiptist eftirfarandi eftir ráðuneytum:

Ráðuneyti	m.kr.	%
Æðsta stjórn ríkisins	47	6,2
Forsætisráðuneyti	26	20,1
Menntamálaráðuneyti	137	1,5
Utanríkisráðuneyti	111	12,1
Landbúnaðarráðuneyti	3	0,4
Sjávarútvegsráðuneyti	31	4,1
Dóms- og kirkjum.ráðuneyti	67	1,8
Félagsmálaráðuneyti	23	1,8
Heilbr.- og trygg.m.ráðuneyti	387	1,2
Fjármálaráðuneyti	174	8,2
Samgönguráðuneyti	16	0,3
Iðnaðarráðuneyti	211	23,8
Viðskiptaráðuneyti	8	6,7
Hagstofa Íslands	(1)	(1,4)
Umhverfisráðuneyti	(49)	(13,4)
Samtals lækkun	<u>1.191</u>	<u>2,0</u>

Raunlækkun útgjalda hjá æðstu stjórn ríkisins er metin á 47 milljónir króna sem svarar til 6,2%. Flestar stofnanir sýna raunlækkun útgjalda milli ára.

Raunlækkun útgjalda hjá forsætisráðuneyti er metin á 26 milljónir króna eða 20,1%. Lækkunin kemur fram hjá Húsameistara ríkisins, Þjóðgarðinum á Þingvöllum og hjá aðalskrifstofu.

Raunlækkun útgjalda hjá menntamálaráðuneyti er metin á 137 milljónir króna sem svarar til 1,5%. Lækkun útgjalda hjá Háskóla Íslands nam tæpum 82 milljónum króna, hjá héraðasskólum 45 milljónum króna og hjá aðalskrifstofu um 30 milljónum króna. Útgjöld framhaldsskóla og grunnskóla eru svo til óbreytt fyrstu níu mánuði ársins 1992 miðað við sama tímabil fyrra árs að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

Raunlækkun útgjalda hjá utanríkisráðuneyti er metin á 111 milljónir króna eða um 12,1%. Greiðslur til sendiráða lækkuðu um 60 milljónir króna, til Lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli um 34 milljónir króna og til aðalskrifstofu um tæpar 13 milljónir króna.

Raunlækkun útgjalda hjá landbúnaðarráðuneyti er metin á 3 milljónir króna sem svarar til 0,4%. Greiðslur til skógræktar og landgræðslumála hafa hækkað um 76 milljónir króna og til aðalskrifstofu um 6 milljónir króna. Útgjöld til ýmissa landbúnaðarmála hafa hins vegar lækkað um 56 milljónir króna, til Jarðasjóðs um 13 milljónir króna og til Veiðimálastofnunar um 10 milljónir króna.

Raunlækkun útgjalda hjá sjávarútvegsráðuneyti er metin á um 31 milljón króna sem svarar til 4,1%. Greiðslur til Veiðieftirlits lækkuðu um 55 milljónir króna, til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um 11 milljónir króna og til aðalskrifstofu og ýmissa verkefna um samtals 22 milljónir króna. Á móti hækkuðu greiðslur til Hafrannsóknastofnunar um 49 milljónir króna.

Raunlækkun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er metin á 67 milljónir króna sem svarar til 1,8%. Greiðslur til stofnana dómsmálaráðuneytisins lækkuðu um 46 milljónir króna og til stofnana kirkjumálaráðuneytisins um 32 milljónir króna.

Raunlækkun útgjalda félagsmálaráðuneytis er metin á 23 milljónir króna sem svarar til 1,8%. Greiðslur til stofnana fatlaðra lækkuðu um 44 milljónir króna en greiðslur til ýmissa verkefna á sviði félagsmála hækkuðu um 11 milljónir króna og hjá aðalskrifstofu um tæpar 8 milljónir króna.

Raunlækkun útgjalda hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti er metin á 387 milljónir króna eða 1,2%. Raunlækkun útgjalda hjá sjúkrahúsum í Reykjavík nam um 470 milljónum króna eða um 190 milljónum króna hjá Ríkisspítölum og tæpum 270 milljónum króna hjá Borgarspítala og Landakoti. Lækkun útgjalda hjá öðrum sjúkrahúsum nam rúmum 140 milljónum króna. Hins vegar voru fimm sjúkrastofnanir fluttar yfir á föst fjárlög á árinu 1992 og nam rekstrarkostnaður þeirra fyrstu níu mánuði ársins 465 milljónum króna. Lækkun útgjalda hjá heilsugæslustöðvum nam liðlega 113 milljónum króna. Framlög til viðfangsefna almannatrygginga hækkuðu um liðlega 200 milljónir króna sé tekið tillit til áðurnefnds tilflutnings sjúkrastofnana á föst fjárlög má einkum rekja hækkunina til lífeyris- og sjúkratrygginga.

Raunlækkun útgjalda hjá fjármálaráðuneyti er metin á 174 milljónir króna sem svarar til 8,2%. Útgjöld hjá skattakerfinu hafa lækkað um 18 milljónir króna, hjá aðalskrifstofu um tæpar 19 milljónir króna og vegna skýrsluvélakostnaðar um tæpar 49 milljónir króna. Þá hafa útgjöld tollembætta lækkað um 50 milljónir króna og Framkvæmdadeildar Innkaupa-stofnunar ríkisins um 25 milljónir króna.

Raunlækkun útgjalda samgönguráðuneytis er metin á 16 milljónir króna sem svarar til 0,3%. Þar ræður mestu framlag til Skipaútgerðar ríkisins sem nam 104 milljónum króna í septemberlok árið 1991 og lækkun útgjalda hjá Flugmálastjórn um 102 milljónir króna. Hins vegar hækkuðu útgjöld til hafnarmála um 118 milljónir króna og til Vegagerðar ríkisins um 72 milljónir króna.

Raunlækkun iðnaðarráðuneytisins er metin á 211 milljónir króna eða sem svarar til 23,8%. Svo til öll viðfangsefni ráðuneytisins lækkuðu. Lækkun greiðslna til Orkustofnunar nam 67 milljónum króna, til Orkusjóðs 22 milljónum króna og til ýmissa orkumála um 75 milljónum króna.

Raunlækkun útgjalda hjá viðskiptaráðuneytinu er metin á 8 milljónir króna sem svarar til 6,7%. Útgjöld Verðlagsstofnunar, Hlutafélagaskrár og Löggildingarstofunnar lækkuðu um samtals 8,6 milljónir króna en útgjöld aðalskrifstofu hækkuðu um 0,7 milljónir króna.

Raunhækkun útgjalda hjá Hagstofu Íslands er metin á 1,2 milljónir króna eða sem svarar til 1,4%.

Raunhækkun útgjalda hjá umhverfisráðuneyti er metin á 49 milljónir króna sem svarar til 13,4%. Greiðslur til Skipulagsstjóra ríkisins hækkuðu um 31 milljón króna og Veiðistjóra um 23 milljónir króna. Útgjöld hjá aðalskrifstofu og til ýmissa verkefna á sviði umhverfismála hækkuðu um 14

milljónir króna. Útgjöld hjá Veðurstofu Íslands lækkuðu hins vegar um 16 milljónir króna.

AFKOMA SJÚKRASTOFNANA Á ÁRINU 1991

Afkoma sjúkrastofnana á árinu 1991 sýnir samanlagðan rekstrarhalla að fjárhæð 143 milljónir króna eða um 0,7% af tekjum. Á árinu 1990 var rekstrarhallinn 353 milljónir króna miðað við sambærilegar stofnanir eða um 2,0% af tekjum. Afkoma sjúkrastofnana hefur því batnað milli árunna 1990 og 1991 og reyndar hefur hún verið að batna allt frá árinu 1987.

Heildartekjur sjúkrastofnana árið 1991 námu 19.698 milljónum króna og hafa hækkað um 2.207 milljónir króna frá fyrra ári eða um 12,6%.

Heildargjöld stofnana á árinu 1991 námu 19.841 milljónum króna og hækkuðu frá árinu 1990 um 1.997 milljónir króna eða um 11,2%.

Upplýsingar þessar eru byggðar á reikningsskilum 70 stofnana fyrir árið 1991. Af þessum 70 stofnunum fá 28 framlög af fjárlögum en 42 stofnanir fá framlög samkvæmt daggjaldakerfi. Heildargjöld stofnana sem fá framlög samkvæmt daggjaldakerfi eru 17,3% af samanlögðum gjöldum allra sjúkrastofnana.

Tvær stofnanir, Seljahlíð í Reykjavík og Dvalarheimili aldraðra Þórshöfn, bættust við daggjaldakerfið á árinu 1991. Kostnaður vegna þessara stofnana er ekki meðtalinn þar sem ekki hafa borist reikningsskil fyrir árið 1991.

Breyting tekna og gjalda milli ára hjá öllum sjúkrastofnunum.

Fjárh. í m.kr.	1991	1990	Breyting	%
Tekjur	19.698	17.491	2.207	12,6
Gjöld	<u>19.841</u>	<u>17.844</u>	<u>1.997</u>	<u>11,2</u>
Halli	<u>143</u>	<u>353</u>	<u>-210</u>	<u>59,5</u>

Breyting tekna og gjalda hjá sjúkrastofnunum á daggjöldum.

Fjárh. í m.kr.	1991	1990	Breyting	%
Tekjur	3.292	2.832	460	16,2
Gjöld	<u>3.432</u>	<u>3.053</u>	<u>379</u>	<u>12,4</u>
Halli	<u>140</u>	<u>221</u>	<u>-81</u>	<u>36,7</u>

Breyting tekna og gjalda hjá sjúkrastofnunum á föstum fjárlögum.

Fjárh. í m.kr.	1991	1990	Breyting	%
Tekjur	16.406	14.659	1.747	11,9
Gjöld	<u>16.409</u>	<u>14.791</u>	<u>1.618</u>	<u>10,9</u>
Halli	<u>3</u>	<u>132</u>	<u>-129</u>	<u>97,7</u>

Þróun útgjalda hjá sjúkrastofnunum milli ára 1990 og 1991 sýnir að gjöld þeirra stofnana sem fengu framlög samkvæmt daggjaldakerfi hafa hækkað meira en hjá þeim stofnunum sem fá framlög beint af fjárlögum og hefur svo verið allt frá árinu 1987. Einnig hafa tekjur stofnana á daggjöldum hækkað meira en tekjur stofnana á föstum fjárlögum. Tekjuaukning milli ára 1990 og 1991 er meiri en aukning gjalda bæði hvað varðar stofnanir á föstum fjárlögum og daggjaldastofnanir.

Á föstu verðlagi hafa heildargjöld allra stofnana hækkað um 776 milljónir króna milli ára 1990 og 1991 eða um 4,1%. Gjöld daggjalda-stofnana hækkuðu að raunvirði um 5,2% en gjöld þeirra stofnana sem fá föst framlög á fjárlögum hækkuðu um 3,8% milli ára 1990 og 1991.

Gjöld fjögurra stærstu sjúkrahúsanna í landinu eru yfir 75% af heildargjöldum sjúkrastofnana á föstum fjárlögum. Þar er um að ræða Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Ríkisspítala, Borgarspítala og St. Jósefsspítala að Landakoti. Gjöld þessara sjúkrahúsa hækkuðu samtals um 559 milljónir króna að raunvirði. Gjöld Ríkisspítala hækkuðu um 399 milljónir króna, gjöld Borgarspítala um 56 milljónir króna, gjöld Fjórðungs-sjúkrahússins á Akureyri um 65 milljónir og gjöld St. Jósefsspítalans á Landakoti um 39 milljónir króna að raunvirði milli áranna 1990 og 1991.

Breyting gjalda hjá sjúkrastofnunum milli ára á föstu verðlagi.

Fjárh. í m.kr.	1991	1990	Breyting	%
Stofn á föstum fjárl.	16.409	15.803	606	3,8
Daggjaldastofn.	<u>3.432</u>	<u>3.262</u>	<u>170</u>	<u>5,2</u>
Samtals allar stofn.	<u>19.841</u>	<u>19.065</u>	<u>776</u>	<u>4,1</u>

Meginskýringar á raunhækkun útgjalda sjúkrastofnana á milli áranna 1990 og 1991 má annars vegar rekja til hækkunar launakostnaðar umfram vísitölu og hins vegar að sú lækkun vísitölu lyfjakostnaðar sem gert var ráð fyrir kom ekki fram í útgjöldum sjúkrastofnana á árinu 1991.

Samkvæmt reikningskilum fyrir árið 1991 námu skammtímaskuldir umfram skammtímakröfur 533 milljónum króna í árslok 1991 og höfðu hækkað um 12 milljónir króna frá því í árslok 1990. Skammtímaskuldir þeirra sjúkrastofnana sem eru á föstum fjárlögum umfram skammtímakröfur námu 468 milljónum króna í árslok 1991 og hækkuðu um 17 milljónir króna frá árslokum 1990. Skammtímaskuldir umfram skammtímakröfur hjá þeim stofnunum sem fá framlög samkvæmt daggjaldakerfinu námu 65 milljónum króna í árslok 1991 og lækkuðu um 5 milljónir króna frá fyrra ári. Greiðslustaða sjúkrastofnana hefur því versnað nokkuð milli áranna 1990 og 1991 og er það sama þróun og var milli áranna 1989 og 1990.